



Ísafjarðarbær
Axel Rodriguez Överby
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Reykjavík, 8. október 2020

Efni: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra – Hjúkrunarheimilið Eyri.

Vísað er til bréfs dags. 20. ágúst sl. vegna kröfu í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá félagini en þar er áréttuð fyrrí krafa Ísafjarðarbæjar og skorað á félagið að endurskoða afstöðu sina en upphaflega lá afstaða félagsins fyrir þann 6. maí sl.

Í bréfinu 20. ágúst sl. er vísað til þess að í úttekt Verkís komi fram að frágangur á áfellum við þakbrúnir sé ástæða fyrir flestum mýrskemmdum á húsinu. Telur Ísafjarðarbær felast í þessu að umrædda ágalla er að rekja til þess að áfellur voru tekna í sundur við þakbrúnir á fleiri stöðum, þvert á það sem fram kemur í hönnunargögnum og verklýsingum. Er í þeim efnum vísað til meðfylgjandi deiliteikningar og verklýsingar. Félagið mótmælir sem röngu og ósönnuðu að mýrskemmdir sé að rekja til þess að að áfellur hafi verið tekna í sundur enda ekki neitt orsakasamband milli þeirrar útfærslu á áfellum og mýrskemmda sem greina má í aðsendum gögnum.

Vegna tilvísunar til þess að ekkert eigið mat félagsins á orsökum umræddra ágalla og tjóni vegna þeirra hafi legið til grundvallar fyrrí afstöðu TM þá er rétt að taka fram að krafa í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra er skaðabótakrafa en af almennum sönnunarreglum leiðir að sá aðili sem krefst skaðabóta, verður að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og hvert tjón hans sé, sem og að tjónið verið rakið til þeirrar háttsemi byggingarstjóra sem lýst er í 29. gr. mannvirkjalaga sem líkt og áður sagði er grundvöllur skaðabótábyrgðar hans. Félagið hefur aftur á móti nú, líkt og á fyrri stigum, yfirfarið aðsend gögn og sjónarmið að baki kröfu og er afstaða þess óbreytt – ekki er fallist á skaðabótábyrgð byggingarstjóra á grundvelli fyrilliggjandi gagna.

Virðingarfyllst,

TM hf.

Gestur Óskar Magnússon